



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

FÁLKAORÐAN VEITT FYRIR ÍSLENSK FRÆÐI

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sæmdi í dag dr. Andrew Wawn og dr. Rory McTurk sem báðir eru prófessorar við Háskólann í Leeds riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf þeirra í þágu íslenskrar tungu og íslenskra fræða.

Þeir Andrew Wawn og Rory McTurk hafa um langa hríð sinnt kennslu í íslensku, stundað rannsóknir á íslenskum fornþókmenntum og íslenskum þókmenntum síðari alda og hafa jafnframt sent frá sér fjölmargar ritsmíðar um þau efni. Við háskólann hefur lengi verið öflug kennsla í íslensku og íslenskum þókmenntum.

Athöfnin fór fram í bókasafni Háskólans í Leeds en þar er meðal annars varðveitt hið merka bókasafn sem kennt er við Boga Melsteð.

11. september 2007

Nánari upplýsingar veitir Örnólfur Thorsson forsetaritari (s. 896 3028).